

Sp.

473. Tillaga til þingsályktunar

um eftirlaun.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga, er afnemi framvegis eftirlaunagreiðslur til annara manna en þeirra, sem búsettir eru hér á landi.

G r e i n a r g e r ð.

Flutningsmaður bar fram tillögu um þetta í fjárveitinganefnd, en tími vannst ekki til að afgreiða hana. Það virðist sjálfsagt að breyta núverandi löggjöf í þá átt, að menn, sem ekki vilja búa í landinu áfram að loknu æfistarfi, njóti heldur ekki eftirlauna hins opinbera, enda mun sú regla gilda víða um lönd.